



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**103. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í fjarfundi, föstudaginn 26. nóvember 2021
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson, Bergljót Kristinsdóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Hauksdóttir, Karen María Jónsdóttir, Ólafur Ingi Tómasson, Ragnhildur Jónsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Sveinn Óskar Sigurðsson, Marta Guðjónsdóttir, Pawel Bartoszek, Jón Ingi Hákonarson og Jón Kjartan Ágústsson.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri,

Dagskrá:

1. Ofanbyggðarvegur: Erindi til svæðisskipulagsnefndar nóvember 2021 - 2111007

Borist hefur erindi dags. 11.11.2021 frá fulltrúa Hafnarfjarðar í svæðisskipulagsnefnd þar sem óskað er eftir að eftirfarandi sé tekið til umræðu nefndarinnar. Erindinu fylgir bréf stílað á svæðisskipulagsstjóra og umsögn um friðlýsingu Urriðakotshrauns dags. 6.10.2021. Fyrir liggur minnisblað svæðisskipulagsstjóra dags. 20.10.2020 um skipulagslegar stöðu ofanbyggðarvegur.

Á fundinum var erindið rætt.

Niðurstaða:

Frestað

2. Mos Helgafellshverfi. 5. áfangi. Aðal- og deiliskipulagslýsing - 2102002

Borist hefur erindi dags. 28.10.2021 frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem óskað er umsagnar vegna þessa. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa breytingu á aðalskipulagi skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og nýtt deiliskipulag skv. 1. mgr. 41. gr. sömu laga fyrir 5. áfanga Helgafellshverfis.

Breytingin felur í sér að fjölga leyfilegum íbúðum í suðurhlíðum Helgafells úr 940 í 1.150. Breytingin einkennist af uppfærslu í töflu greinargerðar gildandi aðalskipulags. Breytingin er í samræmi við uppbyggingu svæðisins sem hefur einkennst af fjölbreyttari húsakosti innan hverfisins í formi aukins framboðs smærri eigna.

Niðurstaða:

Ekki gerðar athugasemdir



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. MOS Hamraborg við Langatanga. Nýtt deiliskipulag - 2111004

Borist hefur erindi dags. 28.10.2021 frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem óskað er umsagnar vegna þessa. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að auglýsa nýtt deiliskipulag skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið felur í sér að heimila 52 íbúðir á svæðinu að meðtöldu núverandi húsi.

Niðurstaða:

Ekki gerðar athugasemdir

4. Mos Helgafellshverfi. 6. áfangi. Skipulagslýsing - 2102002

Borist hefur erindi dags. 28.10.2021 frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar þar sem óskað er umsagnar vegna þessa. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt að kynna lýsingu fyrir gerð nýs deiliskipulags skv. 3. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fyrirhugað er að deiliskipuleggja nýtt íbúðasvæði, Helgafellshverfi - nyrsti hluti (327-íb), skv. aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030. Íbúðasvæðið er alls um 10 ha og ráðgert er að þéttleiki fullbyggðs hverfis verði 9,0 íbúðir á ha, þ.e. 90 íbúðir.

Niðurstaða:

Ekki gerðar athugasemdir

5. Kjós Breyting á aðalskipulagi 2017-2029. Verkefnalýsing - 2111013

Borist hefur erindi dags. 4.11.2021 frá skipulag- og byggingarfulltrúa Kjósahrepps þar sem óskað er umsagnar vegna þessa.

Kjósarhreppur auglýsir til kynningar verkefnalýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga á aðalskipulagi samkvæmt 1 mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og deiliskipulags fyrir svæði 18a í landi Valdastaða í Kjósarhreppi samkvæmt 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Markmið breytinga á aðalskipulagi er að svara aukinni eftirspurn fyrir lóðir í dreifbýli nálægt höfuðborginni í samræmi við áherslur sveitarstjórnar um eflingu byggðar í Kjós. Sveitarfélagið hefur þessu tengt fest kaup á 76,41 ha. skilgreindu svæði í landi Valdastaða og áformar að deiliskipuleggja það fyrir íbúðarbyggð, með um 150-200 lóðum og byggja upp í áföngum á næstu árum.

Niðurstaða:

Frestað

6. HFJ Loftdreifilíkan v.álversins í Straumsvík-Þynningarsvæði felld niður - 2111008

Borist hefur erindi dags. 12.11.2021 frá verkefnastjóra umhverfis- og skipulagssviðs Hafnarfjarðar þar sem óskað er umsagnar vegna þessa.

Hafnarfjörður hefur sent út lýsingar vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, í samræmi við 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Hafnarfjarðarbær hefur áform um að fella niður mörk þynningarsvæðis en



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Þynningarsvæðið hefur ákveðnar takmarkanir gangnvert skipulagi.

Niðurstaða:

Ekki gerðar athugasemdir

Marta Guðjónsdóttir, Sigurður Guðmundsson yfirgáfu kl. 15:00

7. MOS Blikastaðakró, Leiruvogur, friðun og Sundabraut - 2111020

Borist hefur erindi dags. 12.11.2021 frá fulltrúa Mosfellsbæjar í svæðisskipulagsnefnd þar sem óskað er eftir að eftirfarandi sé tekið til umræðu nefndarinnar. Erindinu fylgir bréf dags. 25.11.2021 stílað á svæðisskipulagsnefnd ásamt fylgigögnum og varðar feril máls við friðun Blikaðstakaróar.

Á fundinum var erindið rætt.

Niðurstaða:

Vísað til nánari rýni hjá SSH.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30.